

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**20. nóvember 2018**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að Reykjavíkurborg hverfi frá arðgreiðslukröfum í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur**

Borgarstjórn samþykkir að hverfa frá arðgreiðslukröfum í eigendastefnu Orkuveitunnar. Gjaldskrár Orkuveitunnar verði lækkaðar á Reykvíkinga til samræmis. Fjármálaskrifstofu og stjórn Orkuveitunnar verði falin nánari útfærsla gjaldskrárlækkana.

**Greinargerð**

**I. Inngangur**

Orkuveitan er langverðmætasta eign Reykjavíkurborgar í fjárhagslegu tilliti. Borgin á um 94% hlut í félaginu.

Í kjölfar hrunsins réðist Orkuveitan í aðgerðir til að rétta við reksturinn. Það gerðu flest fyrirtæki landsins. Orkuveitan bjó hins vegar við þann munað – ólíkt öðrum fyrirtækjum – að geta velt stórum hluta sinna rekstrarvandræða yfir á borgarbúa. Sérstakur árangur í rekstrinum var þannig fenginn með gjaldskrárhækkunum, láni frá borgarbúum og frestun nauðsynlegra innviðafjárfestinga. Ráðstafanir sem allar bitnuðu á borgarbúum.

**II. Arðgreiðsluáform**

Nú þegar rekstur Orkuveitunnar hefur náð jafnvægi standa áform til ríflega 14 milljarða arðgreiðslna til Reykjavíkurborgar næstu sex árin. Samhliða birtast engin áform um veglegar gjaldskrárlækkningar til borgarbúa. Heimilin greiddu fyrir rekstrarvanda Orkuveitunnar. Með sambærilegum hætti ættu þau að njóta ávaxtanna þegar vel gengur.

**III. Skattheimta borgarinnar**

Reykjavíkurborg innheimtir nú þegar hæsta lögleyfða útsvar, fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði eru í hámarki og krónutala fasteignagjalda fer hækkandi árlega, samhliða síhækkandi fasteignamati. Þeir tekjustofnar sveitarfélagsins sem lög gera ráð fyrir eru nær fullnýttir, en það eru þeir tekjustofnar sem löggjafinn telur að staðið geti undir grunnþjónustu sveitarfélags. Samt sem áður hefur Reykjavíkurborg ákveðið að seilast enn frekar í vasa borgarbúa með arðgreiðslukröfum á Orkuveituna, sem auðvitað leiða til óþarflega hárra þjónustugjalda á íbúa.

Óþarflega háar gjaldskrár sem leiða til arðgreiðslna í hendur stjórnmalamanna eru ekkert annað en dulbúin skattheimta. Það er ekki lögmál að skattar og gjöld geti eingöngu hækkað en aldrei lækkað. Ef horfið yrði frá arðgreiðsluáformum mætti nýta samsvarandi fjárhæð til gjaldskrárlækkana í Reykjavík.

**IV. Orkufyrirtæki í almannaeigu**

Auðvitað eru arðgreiðslur til eigenda í góðu árferði, sjálfsagðar og eðlilegar í hefðbundnum fyrirtækjarekstri. Orkuveitan er þó annars eðlis – hún er orkufyrirtæki í almannaeigu. Hugmyndafræðin að baki fyrirtækinu var aldrei sú að reka veiturnar í hagnaðarskyni. Kjarnahlutverk Orkuveitunnar er að veita góða þjónustu á hagstæðu verði.

**V. Gjaldskrárlækkningar í Reykjavík**

Þann 1. október 2018 birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga. Þar kom fram að meðal þeirra verkefna sem sveitarstjórnir skulu hafa

á höndum er rekstur rafmagnsveitna og hitaveitna. Má því skilgreina þjónustu Orkuveitunnar sem hluta af grunnþjónustu Reykjavíkurborgar.

Hér er lagt til að Reykjavíkurborg hverfi frá arðgreiðslukröfum í eigendastefnu Orkuveitunnar. Gjaldskrár Orkuveitunnar verði lækkaðar á Reykvíkinga til samræmis. Þannig ákveði borgarstjórn að niðurgreiða þessa tilteknu grunnþjónustu til sinna íbúa eingöngu. Fjármálaskrifstofu og stjórn Orkuveitunnar verði falin nánari útfærsla gjaldskrárlækkana.

Þetta er pólitísk ákvörðun. Ávinningurinn væri tvíþættur. Orkuveitan færðist nær hlutverki sínu sem orkufyrirtæki í almannaeigu – og borgarbúar fengju bót í heimilisbókhaldið.